



Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík 5. júlí 2022
Tilv.: MRN22060050/4.2

Vísað er til umsóknar Garðabæjar dags. 12. júní sl. um styrk vegna tómstunda- og menntunarúrræða barna á flóttu.

Ákveðið hefur verið að veita 3.300.000 kr. styrk til verkefnisins.

Styrkupphæðin greiðist í einu lagi innan 30 daga frá því styrkþegi tilkynnir mennta- og barnamálaráðuneyti að vinna við verkefnið sé hafin. Styrkurinn verður greiddur innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfs þessa. Greinargerð um ráðstöfun styrkfjárins skal send ráðuneytinu, innan 60 daga frá því verkefninu lýkur á þar til gerðu eyðublaði.

Skilmálar styrksins eru á bakhlið þessa bréfs og á <http://www.mrn.is>

Ásmundur Daðason

Ásmundur Einar Daðason
mennta- og barnamálaráðherra

Erna Kristín Blöndal

Erna Kristín Blöndal
ráðuneytisstjóri

Almennir skilmálar sem gilda um styrki á vegum ráðuneytisins:

1. Skuldbinding styrkþega

Með því að taka á móti styrknum lýsir styrkþegi því yfir að hann ábyrgist að styrknum verði einungis varið til verkefnisins og þeirra markmiða sem lýst er í umsókn. Jafnframt skuldbindur hann sig til að skila greinargerð og fjárhagsuppgjöri og hlíta öðrum skilmálum styrksins.

2. Upplýsingagjöf og skýrslur

Styrkþega er skylt að tilkynna mennta- og barnamálaráðuneyti tafarlaust ef upp koma aðstæður sem seinka verkefninu eða koma í veg fyrir að markmiðum eða skilyrðum fyrir styrkveitingu sé fullnægt.

Styrkþega ber ávallt að verða við beiðni mennta- og barnamálaráðuneytis um upplýsingar um stöðu verkefnisins og láta því í té allar upplýsingar og gögn um verkefnið, þar á meðal bókhaldsgögn.

Styrkþegi skal senda mennta- og barnamálaráðuneyti greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjör vegna þess innan 60 daga frá því verkefninu lýkur. Greinargerðin skal staðfest af styrkþega og óháðum einstaklingi/skoðunarmanni eða endurskoðanda.

Ljúki verkefninu ekki á því ári sem styrkurinn er veittur, skal senda ráðuneytinu tölvupóst til að upplýsa um stöðu verkefnisins fyrir lok janúar árið eftir.

Eyðublað fyrir greinargerð fæst í móttöku ráðuneytisins og á veffanginu mrn.is.

Styrkþegi ber ábyrgð á að skila skattyfirvöldum fjárhagsuppgjöri og að öll gögn sem uppgjör byggir á séu varðveitt í a.m.k. fimm ár. Um eftirlit Ríkisendurskoðunar gilda lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ársreikninga nr. 46/2016.

3. Styrktaraðili nefndur í kynningarefni

Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.s.frv. sem tengist hinu styrkta verkefni skal koma fram að það er styrkt af mennta- og barnamálaráðuneyti. Hér má nálgast nýtt merki ráðuneytisins á íslensku og ensku: <https://www.stjornarradid.is/gogn/honnunarstadall/>

4. Endurkröfuréttur ráðuneytisins

Ef styrknum eða hluta hans er varið í annað en tilgreint er í umsókn eða skilmálar skv. lið 2 og 3 ekki uppfylltir, teljast forsendur styrkveitingar brostnar. Áskilur ráðuneytið sér þá rétt til að ógilda styrkveitinguna og krefja styrkþega um endurgreiðslu á greiddum styrk, að hluta til eða í heild sinni, ásamt kostnaði við innheimtu.

Reynist útgjöld vegna verkefnis samkvæmt umsókn lægri en útborguð styrkfjárhæð skal styrkþegi ótilkvaddur endurgreiða ofgreiddan styrk innan 30 daga frá því fjárhagsuppgjör verkefnis lá fyrir. Að öðrum kosti innheimtir ráðuneytið ofgreiddan styrk ásamt innheimtukostnaði.

Styrkur fellur niður hafi hann ekki verið sóttur innan eins árs frá dagsetningu styrkbréfs.

5. Ágreiningur

Ágreiningi milli styrkþega og mennta- og barnamálaráðuneytis sem þessum aðilum tekst ekki að leysa skal vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.

Framangreindir skilmálar gilda nema annað sé tekið fram í bréfi.